



Cisco SMARTnet

samningur.



Opin Kerfi

## Skilmálar

### Almennt

- a. SMARTnet samningar tryggja vélbúnað eftir raðnúmerum.
- b. Cisco skuldbindur sig til þess að eiga í birgðum og leggja til alla þá varahluti sem nauðsynlegir kunna að vera á hverjum tíma til að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt SMARTnet samningi.
- c. Ef vélbúnaður bilar skal honum skipt út með samskonar búnaði. [1]
- d. Kaupandi skuldbindur sig til þess að senda bilaðan vélbúnað til Cisco innan 10 daga eftir að RMA númer hefur verið gefið út.
- e. Þeir hlutir sem bila og skipt er út hverju sinni eru eign Cisco.
- f. Tilkynna ber Opnum kerfum um breytta staðsetningu vélbúnaðar komi það upp á samningstíma.
- g. Umsaminn viðbragðstími vegna bilaðs búnaðar er samkvæmt þjónustustigi SMARTnet samnings.
- h. Viðbragðstími er sá tími sem líður frá því að beiðni um útskipti á varahlut berst og til þess tíma er varahluturinn berst kaupanda.
- i. Vinna við útskipti á vélbúnaði er ekki innifalin í samningi. Sé þörf á tæknimanni frá OK vegna útskipta á búnaði eða annarra tilvika sem upp kunna að koma, er útkallið gjaldfært. Símanúmer tækniborðs er 570-1070.
- j. Notandi fær aðgang að heimasíðu Cisco (<http://www.cisco.com/register>) en þangað er hægt að sækja ýmsar upplýsingar s.s. nýjustu leiðréttingar og uppfærslur á hugbúnaði. Auk þess er hægt að leita lausna á tæknilegum vandamálum í gegnum þann aðgang á <http://www.cisco.com/techsupport>.
- k. Um leið og endurbætur eiga sér stað á hugbúnaði eru þær settar inn á vef framleiðanda ([cisco.com](http://www.cisco.com)). Kaupanda er heimilt að setja þær upp hvenær sem er á eigin kostnað.
- l. Uppsetning á uppfærslum og leiðréttingum á hugbúnaði er ekki innifalin.
- m. Tækniborð Cisco (Cisco Technical Assistance Center (TAC)) er opið 24 tíma á dag, 365 daga ársins. Sími: +32 2 704 55 55, tölvupóstur: [cs-support-emea@cisco.com](mailto:cs-support-emea@cisco.com)

- n. Vinna sérfræðinga OK er ekki innifalin í þjónustugjaldi og því skulu samningsaðilar vera sammála um aðkomu þeirra áður en verkefni eru sett í framkvæmd. Kaupandi skal senda þjónustubeiðni þar sem fram kemur hvert verkefnið er og hver óskar eftir aðstoðinni. Fyrir vinnu samkvæmt þessum lið skal greitt skv. taxa þjónustudeildar OK eða rekstrarþjónustusamnings kaupanda við OK sé hann til staðar.
- o. Opín kerfi áskilur sér rétt til að uppfæra samningsskilmála þessa árlega, að undagenginni tilkynningu til viðskiptavina.
- p. Tækniþórð OK er opið allan sólarhringinn og er síminn 570-1070.

## Greiðslur

- a. SMARTnet samningar eru greiddir með eingreiðslu í upphafi fyrir öll árin.
- b. Samningsverð Cisco þjónustusamninga er tilgreint í bandaríkjadollurum (USD) án virðisaukaskatts en reiknisfært í íslenskum krónum á skráðu gengi við dagsetningu reiknings með virðisaukaskatti.

## Uppsögn

- a. SMARTnet samningar eru árssamningar frá gildistöku og eru óuppsegjanlegir innan þess samningstímabils. Sé ekki um annað samið er þetta tímabil 12 mánuðir.
- b. Í lok samningstíma munu samningsaðilar endurskoða samninginn og ákveða nýtt samningsár.

[1] Athugið! Takmarkanir eiga við skemmdan búnað. [Sjá nánar á vef Cisco.](#)